

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



Dags eftirlits	15.3.2016	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Atlantsolía	Fulltrúi UST	
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein athugasemd var gerð varðandi loka sem stóðu opnir í lekavarnarþró.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir nýtt starfsleyfi sem gefið var út þann 24. febrúar sl. og minnt á skiladaga skv. því.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstrinum en farið verður í lagfæringar á malbikaðri þró í sumar. Sprungur hafa myndast í malbikið við upphækkun undir geymunum sem og við hliðar þróarinnar. Einnig er fyrirhugað að hefja yfirborðsmeðhöndlun á lögnum sem standa ofanjarðar og verða lagnir við bryggju lagaðar í sumar, en aðrar lagnir næsta sumar.

Eintak af starfsleyfinu var til staðar í starfstöðinni skv. gr. 1.10 í starfsleyfi

Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi ber rekstraraðila að setja sér umhverismarkmið fyrir 30. júní 2016 og skulu þau endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Nýjir starfsmenn fá góða þjálfun en huga þarf betur að þjálfun starfsmanna og setja upp áætlun um reglubundna endurmenntun. Girðingar og hlið voru í lagi og myndavélar vakta svæðið.

Fljótandi þak er í bensíngeymi. Mælingar útblásturslofts frá bensíntanki fóru fram 3-4. sept 2015 og voru gildin innan marka starfsleyfis eða 0,12 g. HC/Nm³ m.v. 24 klist gildi en skv. starfsleyfi má það ekki fara yfir 35 g. Tap bensíns úr kerfinu er reiknað út í gegnum birgðareikning fyrirtækisins.

Áfyllingarplan er olíuhelt og frárennsli tengt olíuskilju. Skiljan er tæmd reglulega (um leið og vart verður við að olía hafi lekið í skiljuna þá er haft samband við Hreinsitækni sem kemur og þjónustar skiljuna). Góðar skráningar er í rekstrarhandbók varðandi eftirlit (daglegt, vikulegt, mánaðarlegt, árlegt) og allt viðhald skráð. Þar var einnig að finna öryggishandbók.

Mælingar í fráveitu voru síðast gerðar 24. feb. sl. og beðið er niðurstaðna frá þeim. Góðar verklagsreglur varðandi sýnatöku er að finna í rekstrarhandbók sem staðsett er í stöðvarhúsi.

Úrgangur er ekki flokkaður frá stöðinni ef frá er talinn olíumengaður úrgangur.

Olíudreifing sér um löndun olíu fyrir rekstraraðila og fylgir þar viðurkenndum gæðastöðlum.

Lagnir voru þrýstiprófaðar 14. sept sl. og stóðust þær prófið.

Gengið var um stöðina, lekavarnarþær og áfyllingarplan.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að lokar í lekavarnarþró stóðu opnir, en skv. gr. 3.9 í starfsleyfi skulu þeir vera lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum. Leysingar stóðu yfir er eftirlitið fór fram og hafði verið losað úr þrónum áður en eftirlitsaðili kom á svæðið og var ekki búið að loka fyrir aftur, en var það gert í eftirlitinu.

ANNAÐ

Farið verður í lagfæringar á hreinsibúnaði fyrir bensíngufur í sumar og verður búnaðurinn óvirkur í 2-3 daga á meðan

viðgerð stendur yfir. Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila tilkynningu þess efnis þegar ljóst er hvaða daga um er að ræða og einnig að viðgerð lokinni.

Allt frárennsli í stöðinni var endurhannað og endurnýjað í kringum árið 2010.


Rætt var um gr. 3.9 í starfsleyfi þar sem fram kemur að yfirfara skal virkni olíuskilju a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Kemur þar fram að fjarlægja skal olíu úr skilju ef hún fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis. En mæla þurfi olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár, en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.10 séu uppfylltar.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Reykjavík, 17.03.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir